

Nd. 171. Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefir hagað störfum sínum á líkan hátt og undanfarið. Fundir hafa verið haldnir hvern virkan dag síðan nefndin var kosin, venjulega 2½ tíma, og stundum tveir fundir á dag. Eins og að undanförunu hafa nefndinni borist fjölmörg skjöl, sem nauðsyn bar til að væru athuguð rækilega, og ank þess hefir nefndin átt tal við fjölda manns. Störfunum hefir nefndin samt lokið á mun skemmri tíma en stundum undanfarin ár. Er nefndarálit nefndarinnar í fyrra t. d. dagsett 4. apríl, en árið 1921 16. apríl.

Öllum nefndarmönnum var það ljóst þegar í upphafi, að höfnðverkefni nefndarinnar væri það, að ganga þannig frá fjárlögunum að sínu leyti, að nokkrar eða ríflegar tekjuafgangur yrði, til þess að ekki drægist lengur, að alvarleg gangskör yrði að því gerð að rjetta hinn erfiða fjárhag ríkisins. Þessi grundvallarhugsun hefir sett mark sitt á allt starf nefndarinnar. Hennar vegna hefir nefndin synjað mörgum fjárbeiðnum, sem henni hefði þótt sjálfsagt að verða við, ef um venjulega tíma hefði verið að ræða, og hennar vegna leggnr nefndin til, að skorin sjeu enn frekar en áður við nögl fjárframlög til þeirra starfa og stofnana, sem ekki er nnt að kasta að öllu.

Þar sem nefndin hefir reynt að fara eftir þessari grundvallarhugsun í einstökum atriðum, má segja, að það hafi flýtt fyrir störfum nefndarinnar. Og eigi síðnr hitt, að nálega um öll atriði, sem máli skifta, hafa nefndarmenn verið á einu máli. Að eins um örfá einstök atriði hefir ekki náðst flnt samkomulag innan nefndarinnar. Væri það vænlegt um að skila fjárlögunum með ríflegum tekjuafgangi, ef háttv. deild bæri gæfu til slíkrar samheldni, sem náðst hefir í fjárveitinganefnd. —

Áður en vikið er að hinum einstöku tillögum nefndarinnar, þykir rjett að gera stuttlega grein fyrir, hvernig útkoman yrði á fjárlögunum samkvæmt tillögum nefndarinnar.

Nefndin hefir um áætlun tekjubálksins getað stndst við nánari skýrslur um útkomu ársins 1923 en fengnar voru þegar fjárlagafrumvarpið var samið. Með hliðsjón af þeim leggnr nefndin til, að einstakir liðir sjeu samtals hækkaðir um 75 þús. kr., en aðrir liðir lækkaðir samtals um 350 þús. kr. Niðurstaða nefndarinnar verður því sú að *lækka tekjuáætlunina um 275 þús. kr.*

Þá leggnr nefndin til, að ýmsir gjaldaliðir sjen sumpart lækkaðir, sumpart feldir niður. *Nema þær lækkunartillögur samtals um 160 þús. kr.*

Hins vegar leggnr nefndin til, að ýmsir gjaldliðir sjen hækkaðir og nokkrum nýjum bætt við. Má flokka þær hækkunartillögur í tvo flokka. Annars vegar eru

tillögur um *reikningslegar hækkunar*, sem kalla mætti. Hefir stjórnin um ýmsa þá liði fylgt áætlunarupphæð undanfarinna ára, en landsreikningar sýna, að liðir þessir eru alt of lágt áætlaðir, enda eru fjárgreiðslur þessar langflestar lög- bundnar og þannig, að ekki verður komist hjá að greiða þær. Lítur nefndin svo á, að það sje að blekkja sjálfan sig að áætla liði þessa lægra en reynsla bendir til, að þeir muni verða. *Hækkunar af þessu tægi eru um 310 þús. kr.* — Þá eru þær tillögur um hækkunar, sem eru *raunverulegar hækkunar*. Eru þær hvorki margar nje háar og alveg hverfandi í samanburði við tillögur fjárveitinganefnda undanfarinna ára. *Hækkunartillögur þessar nema samtals um 170 þús. kr.* og eru að langmestu leyti aukinn styrkur við atvinnuvegina. Og um eina hina hæstu þeirra tillagna (til útrýmingar fjárkláða 25 þús. kr.) er það að segja, að hún er í raun og veru að eins tilfærsla. Loks er þess getið i nefndaráliti þessu á öðrum stað, að nefndin leggur til, að spöruð verði ýms gjöld, sem talist hafa til óvissra gjalda. Heildarniðurstaðan af tillögum nefndarinnar er því þessi:

Reikningslegar hækkunar	kr.	310000
Raunverulegar hækkunar	—	170000
Lækkun tekjuáætlun	—	275000

Samtals kr. 755000

Frá dregst sú upphæð, sem nefndin leggur til að gjaldaliðirnir lækki kr. 160000

Eftir verða kr. 595000

Nú var svo gengið frá fjárlagafrumvarpinu af stjórnarinnar hendi, að tekjuafgangur var um 500 þús. kr. Fjárveitinganefnd skilar frumv. þannig frá sjer i þetta sinn með tæplega 100 þús. kr. tekjuhalla. En aðalsummurnar, sem valda þessum mismun útkomunnar, stafa af gætilegri tekjuáætlun nefndarinnar og reikningslegum hækkunartillögum á gjöldunum, sem bygðar eru á reynslunni. Raunverulegar hækkunartillögur nefndarinnar á gjöldunum eru ekki nema 10 þús. kr. hærri en lækkunartillögur hennar á gjöldunum, og þá er þess er minst, að i þessum hækkunartillögum er 25 þús. kr. upphæð, sem er tilfærsla, kemur það út, að *raunverulega leggur nefndin til, að fjárveitingar sjeu lækkadar um 15 þús. kr. frá tillögum stjórnarinnar.* Hinar ólíku tölur stafa af því, að áætlunin er nú gætilegri og reist á traustari grundvelli.

Loks skal það tekið fram, að nefndin hefir ekki tekið tillit til þeirra tolla- hækkunarfrumvarpa, sem þingið hefir til meðferðar. Þar sem telja má nálega vist, að a. m. k. eitthvað i þá átt verði samþykkt, sem nemi allverulegum tekju- auka fyrir ríkissjóð, ætti það að vera trygt, yrðu tillögur nefndarinnar i öllum verulegum atriðum samþykktar, að fjárlögin yrðu afgreidd með nokkrum eða all- ríflægum tekjuafgangi.

I. Tekjubálkurinn.

Um tekjubálkinn hefir nefndin viljað fylgja þeirri reglu að áætla tekjurnar varlega, því að hún gengur þess eigi dulín, að varleg áætlun teknanna er eitt af grundvallarskilyrðunum fyrir góðri fjárhagsafkomu. Í raun og veru er það svo, að tekjurnar þurfa að vera svo varlega áætlaðar, að meira komi inn en áætlað er, ef sú niðurstaða á að haldast, sem þingið gengur út frá, því að það hefir jafnan verið svo, og hlýtur jafnvel að vera svo, að gjöld komi, sem ekkert eða of lítið er áætlað fyrir, en af því hlýtur að leiða verri niðurstaða en þingið hefir gengið út frá, nema tekjurnar verði ríflegri en áætlað var.

Með þetta fyrir augum hefir nefndin ekki sjeð sjer annað fært en að lækka nokkuð ýmsa tekjuliði frv.

Aukatekjurnar vill nefndin lækka um 20000 kr., því að með þverrandi fjármagni almennings dregur úr þessum tekjulið. Hann var 1922 336000 kr., en 1923 296000 kr.

Kaffi- og sykurtollur er tæpast nægilega varlega áætlaður hjá stjórninni, og þykir nefndinni því ástæða til að færa áætlunina niður um 25000 kr. Þessi tollur var 75000 kr. minni 1923 en 1922.

Nefndinni þykir vörutollurinn alt of hátt áætlaður í frv.: 1250000 kr., og leggur til, að hann sje ekki áætlaður nema 1 milj. Á síðastliðnu ári var hann að sönnu 52 þús. kr. hærri, en ekkert virðist líklegra en að töluvert dragi úr innflutningnum.

Gjald af konfekt- og brjóstsýkursgerð þykir nefndinni rjett að færa niður í 15000 kr., því að þetta gjald var að eins 16000 kr. 1923.

Tekjur af bönkum fara svo fallandi, að áætlun stjórnarinnar þykir helmingi of há. Nefndin vill því færa þennan lið niður í 50000 kr., og styðst hún þar við það, að þessi tekjuliður hefir ekki verið nema 52000 kr. 1923.

Aftur á móti hefir nefndinni litist óhætt að hækka áfengistollslíðinn um 25000 kr., og er hann þó ekki óvarlega áætlaður 375000 kr., þar sem hann varð rúmlega 470000 kr. 1923. Enn fremur hefir nefndin talið óhætt að hækka liðinn um tekjur af véneinkasölunni um 50 þús. kr., því að 1923 hefir sá liður orðið 298000 kr. Um þennan lið er þess annars að geta, að hann er í gildandi fjárlögum áætlaður 450000 kr., og var það gert í samráði við dómsmálaráðherrann, sem lofaði fjárveitinganefndinni í fyrra, að verðið á vínunum skyldi hækkað, svo að þessar tekjur næðust. En samkvæmt skýrslu framkvæmdarstjóra áfengisverslunarinnar hefir hann enga fyrirskipun fengið um þetta, og hefir rikissjóður eflaust beðið mikinn halla við þetta. Nefndin ætlast til, að úr þessu verði bætt nú þegar, og ætti þá þessi liður að vera varlega áætlaður 300000 kr.

II. Gjaldabálkurinn.

7. gr.

Vexti af innlendum lánum telur nefndin of lágt áætlaða. Liggja til þess þau rök, að af skuldum ríkissjóðs við Landsbankann eru fullar 2 miljónir kr., sem ekki eru teknar upp á skuldaskrána í aths. frv. Fjárhæð þessi er, að því er virðist, ósamningsbundin, og því ekki við að búast, að mikið verði greitt af henni með tekjuafgangi. Mun meginíð af skuldinni standa 1925. Þó vill nefndin gera ráð fyrir, að eitthvað kunni að greiðast, og áætlað því ekki nema 100 þús. kr. til hækkunar þessum lið, sem svarar til 7⁰/₀ vaxta af tæplega 1¹/₂ miljón kr.

10. gr.

Það er vist orðið, að sendiherra Sveinn Björnsson lætur af embætti sínu á komandi vori, og jafnframt má telja það yfirlýstan vilja þingsins, að ekki verði skipaður maður í embættið að sinni. Það verður því að teljast rjettmætt að fella niður laun sendiherra, risnufje og húsaleigu. Aftur á móti þykir sjálfsagt að veita nokkru ríflegra fje til skrifstofuhalds þeim manni, er stjórnin hefði í Kaupmannahöfn til að reka erindi sín, og því er sá liður hækkadur nokkuð frá því sem var, enda eru þar í falin laun þessa manns.

11. gr.

Húsaleiga fyrir skrifstofur lögreglustjóra hefir verið endurmetin nýverið og færð niður um 1500 kr. Fyrir því er þessi liður lækkaður um þá upphæð.

Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar hækkar nefndin um 10 þús. krónur. Kostnaður þessi hefir orðið fullar 22 þús. kr. á árinu 1922, og líkur til að hann hækki frekar en lækki, ef frv. það um brunatryggingar, sem nú liggur fyrir þinginu, verður að lögum.

Í fjárlagafrv. eru ætlaðar 50 þús. kr. til landhelgisgæslu, og er það sama upphæð og veitt er í þessu skyni í gildandi fjárlögum og fjárl. 1923. En eftir upplýsingum, sem nefndin hefir fengið um málið hjá stjórninni, hefir 2 síðastl. ár verið varið mun meira fje til landhelgisgæslunnar en hinum áætluðu upphæðum nemur. Nefndin leggur til að hækka þennan lið upp í 80 þús. kr., og telur, meðan ekki er annað skipulag upp tekið með landhelgisgæsluna, að þessi upphæð sje nær sanni. Því henni er það fullljóst, að hjer er um mjög mikið nauðsynjamál að ræða, en meiri hluti nefndarinnar sjer sjer þó hins vegar ekki fært að leggja til að hækka liðinn meira að svo komnu.

12. gr.

Þar sem nefndin hefir tekið þá stefnu að draga úr útgjöldum, þar sem það sýndist fært og raskaði ekki samræmi miðað við störf, leggur hún til, að lækkaður verði skrifstofukostnaður landlæknis, og sömuleiðis þóknun til læknanna, er kenna við háskólann.

Aðstoðarlækninn á Ísafirði hefir nefndin einnig lækkað. Telur hún, að ríkissjóði beri ekki skylda til að greiða honum meira en 800 kr. með dýrtíðar-

uppbót. En þar sem laun hans hafa áður verið hækkuð með tilliti til launabóta annara lækna, vill nefndin ekki gera tillögur um meiri lækkun að þessi sinni.

Læknisvitjanastyrknum vill nefndin að stjórnin úthluti. Geta ástæður fyrir styrkþörfinni verið nokkuð breytilegar, og því auðveldara fyrir stjórnina en þingið að meta þær í hvert skifti. Einnig geta komið fram nýjar beiðnir, sem ættu eins mikinn rjett á sjer. Og enn er það, að ónotaður getur orðið eða niður fallið styrkur sá, sem áður hefir verið ákveðinn. Þó ætlast nefndin til, að stjórnin úthluti styrknum hlutfallslega sem næst því, er áður hefir verið veitt, ef ekki raskast við þær ástæður, sem fram voru teknar, og engan veginn meiri heildarupphæð en ákveðið er.

Geðveikralæknirinn á Kleppi telur laun starfsmanna við spítalann sennilega áætluð með 13 þús. kr., en stjórnin hefir áætlað þau 10 þús. kr. Eftir reynslu undanfarinna ára, og sjerstaklega síðastl. árs, þar sem kostnaður þessi hefir orðið eins og læknirinn áætlað hann, verður ekki hjá því komist að hækka þennan lið. Sama leggur nefndin til, að gert sje við liðinn »ljós og hiti«, sem eftir umsögn læknisins hefir orðið síðastl. ár 15 þús. kr., þar sem ekki er útlit fyrir, að það, sem þar um ræðir, lækki svo i verði, að áætlun stjórnarinnar geti staðist.

Sóttvarnarkostnað, eða gjöld samkv. lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, hefir nefndin hækkað allverulega. Þykir henni áætlunin fjarri sanni. Alt frá því 1916 hefir útgjaldaliður þessi farið mikið fram úr áætlun. 1919 er hann orðinn nærfelt 19 þús. kr., 1920 55 þús., 1921 yfir 19 þús., 1922 yfir 17½ þús. og síðastl. ár 19729 kr.

Þó segja meg, að áráskifti sjeu að því, hve mikið gangi til sóttvarna, þar sem komið geti fyrir, að engir næmir sjúkdómar komi upp í landinu, þá má jafnframt á hitt líta, að reynsla undanfarinna ára bendir í þá átt, að kostnaður þessi verði aldrei undir því, sem nefndin áætlað, enda mikið af þessu fastur kostnaður.

Sama má segja um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins. Kostnaður við þennan lið hefir orðið árin 1918—1922 yfir 20 þús. að meðaltali. Virðist því engan veginn mega áætla lægri upphæð en nefndin gerir. Lægstur hefir þessi kostnaður orðið 1918: 1600 kr. og 1921 3080 kr., en hæstur árið 1920: 68600 kr.

Gjöld, sem stafa af breytingum á fátækralögum frá 1921, námu 1922 yfir 82 þús. kr., og síðastl. ár fara þau sýnilega nokkuð yfir 60 þús. Dylst engum, að upphæð þessi mun ekki lækka svo mjög á næstu árum, að komist verði af með áætlun stjórnarinnar. Nefndin leggur því til, að liðurinn hækki verulega, þar sem hún býst ekki við, að kostnaðurinn muni geta orðið fyrir neðan þetta.

Þá leggur nefndin til, að lækkaður sje styrkurinn til hjúkrunarfjelagsins Líknar. Þó að nefndin geri þessa tillögu, játar hún þó að sjálfsögd, að tilgangur og starf fjelagsins sje gott. En á hitt vill nefndin líta, að þar sem allur fjöldinn af sjúklingum, sem þarna njóta hjúkrunar, er úr Reykjavíkurbæ, þá beri bænum skylda til að leggja þar meira af mörkum en verið hefir, og er því miðað við aukið framlag þaðan, til þess ekki þurfi að draga úr starfi fjelagsins.

Utanfararstyrk til ungra yfirsetukvenna til framhaldsnáms erlendis vill nefndin fella niður. Telur hún, að sökum hins erfiða fjárhags ríkissjóðs verði að

minsta kosti að verða frestur á slíkum og öðrum utanferðum, þó nauðsynlegar megi kalla. Hún lítur líka svo á, að kensla og æfingar á þessum fræðum sje orðið hjer í góðu lagi, svo ekki muni að skaða verða, þó niður falli upphæðin.

Eftir því tilefni, sem þessi liður gefur, vill nefndin taka það fram, að hún ætlast til, að stjórnin sýni hina ýrustu spærsemi um utanferðastyrki, og ef hún veiti þá, geri hún það á eigin ábyrgð.

Styrkinn til hjúkrunarnema vill nefndin fella niður, og er það af sömu ástæðum og um utanfararstyrkinn til yfirsetukvenna.

Fyrir nefndinni lágu umsóknir frá 8 læknishjeruðum um styrk til byggingar sjúkraskýla og læknisbústaða. Hjeruð þessi eru Grímsneshjerað, Borgarfjarðarhjerað, Flateyjarhjerað, Siglufjarðarhjerað, Nauteyrarhjerað, Víkurhjerað, Reykhólahjerað og Síðuhjerað.

Þar sem nefndin sá engin tók á því að veita nema að mjög litlu leyti styrk til þessara fyrirtækja, eins og fjárhag rikissjóðs er komið, og enda skoðun sumra nefndarmanna, að alger frestun yrði að vera á fjárveitingum til þessa að sinni, þá gekk nefndin aðeins inn á fjárveitingu til þeirra hjeraða, sem alveg sjerstaklega stóð á fyrir, enda bera sumar styrkbeiðnirnar með sjer, að málin ern ekki nægilega undirbúin heima í hjeraði, til þess að rikissjóður geti heitið styrk til þeirra.

Grímsneshjerað hefir þegar bygt sjúkraskýli og læknisbústað. Hafði það keypt af stjórninni hið svo nefnda Geysishús til byggingarinnar. Var því haldið fram á síðasta Alþingi, að læknishjeraðið hefði fengið óbeinlínis styrk til fyrirtækisins, þar sem það hefði komist að óvenju góðum kaupum á húsinu, og mun Nd. Alþingis af þeirri ástæðu hafa felt 3000 kr. styrkbeiðni til byggingarinuar, er þá la fyrir þinginu frá hjeraðsbúum. Nefndin litur nú svo á, að þó að nokkuð kunni að vera í því, að Geysishúsið hafi verið ódýrt, sje ekki full sanngirni að neita um allan frekari styrk. Nú var ekki farið fram á hærri fjárveitingu til sjúkraskýlisins á síðasta þingi en 3000 kr., og því vill nefndin nú leggja til, að þessi upphæð sje veitt, þar sem ætla má, að læknishjeraðið geri sig ánægt með það, enda þótt nú liggi fyrir hærri krófur.

Borgfirðingar hafa um nokkur undanfærin ár verið að undirbúa sjúkrahúsbyggingu og læknisbústaðar. Hafði læknir sá, sem nú þjónar hjeraðinu, tekið það með því skilyrði, að þetta kæmist í framkvæmd hið fyrsta. Nú var orðinn sá dráttur á þessu, að læknirinn var ráðinn í að sækja burtu. En það varð til þess, að allir hreppar læknishjeraðsins hafa bundist samtökum í málinu. Jörð er keypt og nægilegs fjár aflað til þess að byrjað verði á byggingunni þegar í vor komandi. Áætlun um kostnaðinn við bygginguna er upp á 46 þús. kr. Auk þess er áætlað, að kosta muni 5 þús. kr. að nota hverahita til þess að hita upp húsið með.

Bygt á svipuðum grundvelli og undanfarið um rikistillög til slíkra bygginga og hjer um rædir, leggur nefndin til að veita 15 þúsund kr. framlag til þessa.

Þó að nefndin viðurkenni, að mikil þörf sje á samskonar framkvæmdum í öðrum læknishjeruðum, þá eru þó í þessum 2 hjeruðum þær sjerstöku ástæður, að annað hjeraðið hefir þegar lokið við bygginguna, en hitt hjeraðið sýnist

verða læknilaust, ef það ekki byggir. Og þegar nefndin líka leit á þetta í sambandi við frestun á öllum þessum málum, þá þótti henni þó rjettara að jafna þessu á fleiri ár heldur en að fá allar þessar upphæðir til útborgunar samandregnar síðar.

13. gr.

Áætlun aðalpóstmeistara um póstgjöld er í nokkrum liðum hærri en áætlun stjórnarinnar, en sjerstaklega munar þetta á síðasta liðnum (önnur gjöld) um 6000 krónur.

Þó að nefndin þykist vita, ef að vanda lætur, að áætlun aðalpóstmeistara muni ekki verða of há, þá hefir hún þó ekki að þessu sinni lagt til að hækka nema »önnur gjöld«, en þann lið hefir hún hækkað upp í áætlun póstmeistara, enda liggur fyrir nákvæm sundurliðun frá aðalpóstmeistara um þennan lið.

Vegamálastjóri hefir afdráttarlaust látið það í ljós við nefndina, að ekki væri hægt að spara neitt af því, sem stjórnin hefir áætlað til stjórnar og undirbúnings vegagerða, nema það, að liðinn til aðstoðarmanna og mælinga mætti lækka, vegna þess, að ekki er gert ráð fyrir nýjum vegum. Í samræmi við þetta hefir nefndin fært þennan lið niður í 2000 kr., og auk þess lækkað skrifstofukostnaðinn um 500 kr., og ætlast ekki til að yfir það verði farið.

Eimskipafjelag Íslands hefir sótt um 45 þús. kr. styrk til strandferða, og hafa samgöngumálanefndir beggja deilda mælt með því að styrkur þessi yrði veittur. Ástæður fyrir því, að fjelagið þarf þennan styrk, eru aðallega þær, að hið óhagstæða gengi íslenskra peninga gerir fjelaginu erfiða samkepnina við erlend skipafjelög, sem reka hjer siglingar. Fjelög þessi reka hjer siglingar einungis í gróðaskyni, og haga því ferðum sínum á þann hátt, sem best svarar kostnaði, með viðkomum að eins á bestu höfnum landsins, þar sem fólks- og vöruflutningar eru mestir. Aftur á móti verður rekstur Eimskipafjelagsins að byggjast á því, að landinu komi að sem bestum notum ferðirnar, en þar af leiðir, að skipin verða að koma jafnt á allar lökustu hafnir landsins sem þær betri. Og þó að skip ríkissjóðs sjeu í ferðum hjer við land alt sumarið, hefir þó Eimskipafjelagið, eins og kunnugt er, orðið að láta skip sín koma við á flestum smáhöfnum landsins, til þess að flytja þangað nauðsynjavörur og taka þar afurðir til flutnings til útlanda.

Annar þátturinn í erfiðleikum Eimskipafjelagsins er afborgana- og vaxtagreiðslan af hinu hollenska láni fjelagsins. Veldur lággengi okkar peninga og hágengi hinna hollensku því, að nú þarf að greiða hvert gyllini með kr. 2.90, sem fjelaginu var greitt með kr. 1.50, þegar lánið var tekið.

Þar sem nefndin lítur svo á, að samhliða þessum ástæðum sje það skylda þingsins að fleyta fjelaginu yfir mestu örðugleikana, leggur nefndin til, að styrkur þessi sje veittur.

Reynslan sýnir, að jafnan hafa verið áætluð of lágt gjöldin til símans, enda sjest af skjölum þeim, sem legið hafa fyrir nefndinni, að stjórnin hefir dregið mikið úr tillögum landssimastjóra. Nefndin hefir athugað gjöld undanfarinna ára á þessum lið og sannfært sig um, að ýmsir liðir eru of lágt áætlaðir í frv. Að þessu athuguðu hefir nefndin talið sig neyddu til að hækka ýmsa af þessum

liðnum allverulega, svo sem: til viðauka símakerfa, útgjöld bæjarsímans í Reykjavík, Borðeyrarstöðina, talsímastöðvar úti um land, viðbald stöðva og viðhald landsímanna.

Hinn fyrstnefndi liður er hækkaður vegna þess, að nauðsynlegt er að leggja nýja símalínu milli Hóla og Hafnar í Hornafirði, og jafnframt að fytja stöðina frá Hólum að Höfn. Gjöld bæjarsímans í Reykjavík eru miklu hærri en stjórnin hefir áætlað, enda gefur símakerfið í Reykjavík því nær $\frac{1}{3}$ tekna landssímans. Stjórnin hefir ekkert áætlað fyrir vöxtum og afborgnum af láni, er hvílir á símahúsinn á Borðeyri, og því hefir nefndin orðið að hækka þann lið.

Liðinn til talsímastöðva úti um land hefir nefndin neyðst til að hækka um 15 þús. kr., með því að þar er um samningsbundna greiðslu að ræða.

Þá hefir nefndin og hækkað liðina nm viðbót og viðhald stöðvanna og viðhald landssímanna. Hin fyrnefnda vegna væntanlegrar viðbótar við símakerfið í Reykjavík og hinn síðara með hliðsjón af að landssímalínunum verður að halda nokkurnveginn forsvaranlega við.

Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern er tilgangslaust að áætla lægra en það reynist í raun og veru, og hefir nefndin því hækkað það um 500 kr.

Laun símamanna hefir nefndin hækkað nokkuð, ekki af því, að hún ætlist til launabóta hjá símamönnum, heldur af því, að áætlun stjórnarinnar er sýnilega of lág, þar sem ýmsum er slept, sem sjáanlega er ekki hægt að komast af án. Annars hefir nefndin grun um, að sumstaðar muni mega fækka símamönnum og óskar, að stjórnin taki það til rækilegrar ihugunar.

Eftir skýrslu vitamálastjóra eru eigi líknr til, að hann komist af með það skrifstofuhald, sem stjórnin hefir áætlað. Fyrir því er þessi liður hækkaður nm 500 kr.

Eftir skýrslum sama embættismanns er rekstrarkostnaður vitanna of lágt áætlaður hjá stjórninni. Nefndin hefir því sjeð sig knúða til að hækka þennan lið nm 5000 kr., en jafnframt hefir hún lækkað tillagið til sjómerkja nm 3000 kr., og er það gert í samráði við vitamálastjóra.

14. gr.

Nefndin leggur til, að skrifstofukostnaður biskups lækki um 1000 kr. Því hefir einatt verið haldið fram, að þessi liður væri óþarflega hár. En hvað sem um það er eða verið hefir, þá hefir hann þó áður verið lægri, og ekki þótt óviðunandi. Þetta er líka gert í samræmi við lækkaðan skrifstofukostnað hjá landlækni.

Á þinginu 1922 flutti minni hluti fjárveitinganefndar Nd. tillögu um að fella niður aukakennaraembættið í sögn og málfræði íslenskrar tungu við háskólan. Voru þá færð fram ýms rök fyrir því, að kennaraembætti þetta væri óþarft. Þar á meðal að Björn Ólsen hafði einn haft á hendi þá kenslu í norrænum fræðum, sem tveir hafa nú. Þá má nefna það, að nú, eftir 12 ára kenslu, hafa að eins 2 tekið próf í þessari fræðigrein. Störf þessa kennara hafa verið fremur litil, að eins 4 stundir á viku. — Þrátt fyrir það, þó nefndin viljl ekki neita því, að kennari þessi hafi með fyrirlestrum sínum getað gert eitthvert gagn, þá telur hún þó að annarsstaðar geti verið meiri þörf fyrir starfskrafta hans en við há-

skólann og kensla hans gæti orðið að meira liði, og því sje það engan veginn að vísa þessum manni út á gaddinn, þótt hann hverfi frá háskólanum. Þetta er einnig í samræmi við þær tillögur, sem nú liggja fyrir þinginu um breytingu á háskólanum.

Þá leggur nefndin til, að laun hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenlu við háskólann verði færð niður um 500 kr. — Þegar bæjarlæknisembættið var stofnað, var ætlast til þess af þinginu, að borgun fyrir þessa kenlu fjelli niður, þannig, að kenslan yrði lögð sem kvöð á það embætti eða hjeraðslæknisembættið. Nú hefir þetta ekki verið gert, og vill því nefndin lækka þennan lið, og jafnframt ætlast hún til þess, að þegar annaðhvort þetta embætti losnar, þá verði þessu þannig fyrir komið.

Nefndinni þykir mikið á bresta, að sáttmálasjóður hafi orðið að slíku liði fyrir háskólann eins og til var ætlast í fyrstu. Nú vill nefndin fá allverulega breytingu á þessu, þannig að sparað verði nú úr ríkissjóði af styrktarfe til háskólans alls 12500 kr. og að sáttmálasjóður leggi það fram. Er nefndin þeirrar skoðunar, að jafnvel þó telja mætti, að sáttmálasjóðnum sje af háskólaráðinu vel varið, þá myndi honum þó mun betur varið í þessa stefnu, þegar saman fer þörf stúdenta og þröngur fjárhagur ríkissjóðs.

Undanfarið hefir námsstyrkur íslenskra stúdenta við erlenda háskóla farið geypilega fram úr því, sem áætlað hefir verið. Þannig varð styrkur þessi 1922 23 þús. kr. En veittar voru það ár í fjárlögunum 8 þús. kr. Stjórnin hefir því veitt hverjum stúdent 1200 kr., án nokkurs tillits til aðaláætlunarpfæðar. Nefndin sjer ekki, að svo húið geti staðið framvegis, þar sem stúdentum getur stöðugt fjölgað og byrðin orðið of þung fyrir ríkissjóð.

Nefndin leggur því til að hækka aðalupphæðina úr 8 þús. upp í 12 þús. og jafnframt fella úr athugasemdinni ákveðna upphæð handa hverjum styrkþega. Ætlast nefndin til, að þessi upphæð, 12 þús. kr., verði skift milli styrkþeganna, og leggur áherslu á, að fram yfir hana verði ekki farið.

Liðurinn til ljóss og hita í mentaskólanum leggur nefndin til, að hækki um 2000 kr. Kostnaður þessi hefir stöðugt farið fram úr áætlun, og síðastliðið ár varð hann 6490 kr. Ræktor skólans telur, að rafiýsingin nú sje miklu dýrari en gaslýsingin áður og skólanum hafi aldrei verið áætlað nægilegt fje í þessu skyni áður, og ekki hærra en gagnfræðaskólanum á Akureyri eða kennarskólanum.

Þar sem nefndin leggur til, að fresta verði öllum verklegum framkvæmdum og ýmsum nauðsynjastörfum, leggur hún einnig til, að niður sje feldur liðurinn til útgáfu kenslubóka handa mentaskólanum. Þó verulegt útlit sje ekki til þess, má þó vera, að bráðlega lækki nokkuð sá hinn mikli kostnaður, sem nú er við bókaútgáfu, og jafnframt verði þá frekar fje til þeirra hluta.

Í skýrslu um áætlun um kostnað við gagnfræðaskólann á Akureyri frá skólameistararum er farið fram á, að áætlun stjórnarinnar verði hækkuð nm 6500 kr. Eftir því sem nefndin hefir kynt sjer þetta, telur hún óhjákvæmilegt að hækka liðinn til ljóss og hita um 1500 kr. og ýms gjöld um 1000 kr.

Skólastjóri kennarskólans telur bráðnauðsynlegt að mála skólahúsið

ntan, ef járníð eigi ekki að stórskemmast. Nefndin fellst á þetta og leggur því til, að til viðhalds verði veittar 2000 kr.

Lærdómsdeild mentaskólans hefir verið undanþegin skólagjaldi að undanfórnu. Nefndin telur, að svo eigi ekki að vera, og vill því fella niður úr at-
hugasemdinni þá undantekningu. Virðist henni, að þótt þetta yrði til að draga örlítið úr stúdentaframleiðslunni, þá yrði það ekki til óhagnaðar. Jafnframt vill nefndin færa skólagjaldið úr 100 kr. upp í 150 kr.

Við skólana á Hólum, Hvanneyri og Eiðum hefir nefndin hækkað nokkra kostnaðarliði, af sömu ástæðu og við aðra skóla áður. Sje þetta ekki gert, er það aðeins til að villa mönnum sýn um hin lögboðnu gjöld ríkissjóðs.

Styrkurinn til iðnaðarmannafjelaganna í Reykjavík, á Akureyri og Ísa-
firði leggur nefndin til, að lækki um helming frá áætlun stjórnarinnar, en að hlutadeigandi bæjarfjelög leggi fje til helminga á móti. Er það í samræmi við það, sem nefndin hefir áður lagt til, að bæjarfjelögin taki á sig fjárframlög, þar sem bæjarbúar svo að segja einir eiga hlut að máli.

Í nefndinni kom fram tillaga um það að fella alveg niður styrkinn til verslunarskólans og samvinnuskólans. Meiri hluti nefndarinnar vill þó ekki ganga svo langt, og leggur því til, að styrkurinn til beggja þessara skóla sje lækkaður um helming.

Nefndin leggur til, að laun forstöðumanns yfirsetukvennaskólans og borg-
un fyrir aðra kenslu við skólann verði færð niður, og verða launin þá nær því, sem gildandi lög ákveða.

Í samræmi við tillögur nefndarinnar um verslunarskólana og aðra skóla, leggur hún til, að styrkurinn til kvennaskólans í Reykjavík og kvennaskólans á Blönduósi verði lækkaður, og að sú upphæð, sem styrkurinn er lækkaður um við hvorn skóla, verði greidd annarsstaðar að, og að því er Reykjavík snertir úr bæjarsjóði. Jafnframt er sú breyting gerð um Blönduósskóla, að styrkur fyrir hverja námsmey er hækkaður úr 40 kr. upp í 65 kr. Stafar þetta af þeirri breytingu, sem nú er gerð á skólanum, að nemendur geta ekki verið þar jafnmargir og áður.

Þá leggur nefndin til, að ritfje fræðslumálastjórans lækki um 200 kr., eins og hjá landlækni og biskupi.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til framhaldskenslu handa kennurum falli niður. Telur hún, að hjá þessu megi komast, sjerstaklega ef lengdur verður kenslutími á kennaraskólanum, sem líkur eru til. Annars má líta á þetta sem frestun, þar til batnar í ári, eins og margt annað.

Styrkur til Skólablaðsins leggur nefndin til, að falli niður, og þarf ekki að fjölyrða um það, þar sem blaðið er bætt að koma út.

Við Flensborgarskólann gerir nefndin sömu tillögur og við aðra skóla áður, að sýslufjelagið og bæjarfjelagið taki að nokkru á sig byrðar ríkissjóðs.

Styrk til lýðskólans í Bergstaðastræti vill nefndin fella burtu og álitur, að bæjarfjelagið eigi að halda honum uppi, telji það þess þörf.

Af sömu ástæðum og áður eru greindar leggur nefndin til, að feldur sje niður styrkur til að gefa út alþýðukenslubækur.

Laun Ólafs Pálssonar sundkennara leggur nefndin til að lækka í samræmi við aðrar hliðstæðar launalækkunir.

Styrkurinn til Ingibj. Guðbrandsdóttur og Valdemars Sveinbjörnssonar, fyrir leikfímiskenslu, leggur nefndin til að falli niður. Telur hún ekki þá nauðsyn á þessari kenslu, að lögboðin gjöld ríkissjóðs verði ekki að sitja fyrir þegar síðasti eyririnn er greiddur.

15. gr.

Nefndin telur ekki frágangssök að látá vera að veita fje á næsta ári til þess að semja spjaldskrá Landsbókafnsins. Að sönnu hefir landsbókavörður lagt það til, að liður þessi verði hækkaður og fjárveitingin látin ná ekki einungis til samningar spjaldskrár, heldur og til afritunar hennar, en að athuguðu því, að nauðsynlegustu framkvæmdir verklegar verða að bíða, telur nefndin sig neyddá til að láta þennan lið niður falla.

Af sömu ástæðum leggur nefndin til, að ekki sje í þetta skifti veitt fje til þess að útvega og afrita skjöl og bækur handa Þjóðskjalasafninn. Vill hún því lækka liðinn til útgjalda safnsins, annara en launa, nm 1000 kr., en veita 1000 kr. til að binda inn og búa um skjöl.

Þá telur nefndin, að við það megi una fyrst um sinn, að Þjóðmenjasafnið sje að eins opið 4 stundir á viku, og við það sparast nokknr fjárhæð til aðstoðar; virðist mega færa þá fjárhæð niður um helming, með tilliti til styttri starfstíma og launalækkunar yfirleitt.

Fjárveitinguna til fornmenjakaupa vill nefndin færa niður í 500 kr. Er það að sönnu viðurkennt, að ekki muni mikið fást fyrir þessa upphæð, en óhjákvæmilegur sparnaður á fje ríkissjóðs verður að koma víða niður, og tjáir eigi að fást um það.

Þegar svo er, að nauðsynlegustu framkvæmdir verklegar verða að falla niðnr, ræður af líkum, að ekki er fært að leggja fram fje til þess að kaupa listaverk og listiðnað. Þennan lið vill nefndin því alveg fella niður. Og hið sama er um rannsókn og undirbúning að skrásetning fornmenja. Slíkt þolir bið, eigi siðnr en vegalagningar, brúagerðir og önnur nauðsynjafyrirtæki.

Þá þykir eigi bráð nauðsyn á fjárveitingu til viðgerða á Þingvöllum, og telur nefndin því, að hún megi niður falla, enda eru nokkur tvímæli á gagnsemi þess fjár, sem þegar hefir verið veitt í þessu skyni.

Það varð ofan á í nefndinni að hækka styrkinn til Þjóðvinafjelsagsins um 1000 kr., til þess að hjálpa því til að rjetta við fjárhag sinn og styðja hina gagnlegu bókaútgáfu þess, en fella aftur á móti niður í þetta skifti styrkinn til Fornleifafjelsagsins.

Nefndin sá sjer eigi fært annað en lækka styrkinn til útgáfu Fornbrjefasafnsins niður í 1000 kr. og fella niður fjárveitingu til útgáfu Alþingisbókanna, Landsyfirdómanna, Laga Íslands, styrkinn til Dansk-islandsk Samfund, Norræna fjelsagsins, til útgáfu jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalins og til Listvinafjelsagsins. Nefndin leggur þetta þó eigi til fyrir þær sakir, að flest eða allt þetta væri ekki styrks maklegt í sjálfu sjer, heldur vegna nauðsynjarinnar á rót-

tækum sparnaði á fje ríkissjóðs. Má að visu segja, að þessir liðir ríði ekki baggamun, en svo er um hvert einstakt atriði, og er þessi mótbára því lítils virði.

Styrkinn til skálda og listamanna er nefndin samkvæmt stefnu sinni neydd til að lækka og vill færa hann niður í 8000 kr., eða lækka að þriðjung. Ætlast nefndin til, að þeir einir verði styrksins aðnjótandi, sem skara fram úr. Sjerstaklega vill hún geta þess, að hún ætlast til og vill taka það fram, að gefnu tilefni frá fyrri árum, að þeir Jakob Thorarensen og Hjálmar Lárusson njóti styrks af þessu fje.

Meiri hluti nefndarinnar vill færa niður um 3000 kr. fjárveitinguna til Jóh. L. Jóhannssonar, til þess að safna til ísl. orðabókar, og fella alveg niður styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar til þess að safna orðum úr alþýðumálinu. Verða þessir menn þá að leita sjer annars starfs.

Peir dr. Helgi Jónsson og Guðm. G. Bárðarson gegna nú báðir embættum í þarfir ríkisins, en njóta auk þess styrks til vísindarannsókna, 1500 kr. hvor. Þó að nefndin viðurkenni vísindastarf þessara manna, telur hún sig þó neydd til þess að leggja það til, að vísindastyrkur þeirra falli niður, og er það í fullu samræmi við aðrar till. hennar.

Veðurathuganastofnunin hefir 1922 kostað ríkissjóð rúmlega 53000 kr. og í frv. stjórnarinnar eru áætlaðar til hennar 35000 kr. Sennilegt virðist, að þetta mundi varla nægja, ef stofnunin ætti að halda áfram með sama fyrirkomulagi og verið hefir. Nefndin hefir tekið þetta mál til allrækilegrar athugunar og orðið ásátt um að leggja til að færa fjárveitingu þessa niður í 20000 kr., og ætlast hún til, að þessu fje verði varið til þess að safna og senda veðurskeyti, en felur annars stjórninni, ef þetta verður samþykkt, að ráða fyrirkomulaginu í öllum nánari atriðum, þó þannig, að ekki verði varið meira fje til þessa en að framan er sagt. Nefndin ætlast ekki til, að sjerstakri stofnun sje haldið í þessu skyni og þykir líklegt, að hafa mætti um þetta samvinnu við landssímastjóránn, þannig, að miklu ódýrara verði ríkissjóði, án þess þó að minna verði gert að sendingu veðurskeyta, en veðurspárnar sjellu niður.

Þá vill nefndin og fella niður styrkinn til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins. Þykir henni að sönnu fræðsla þessi oft hafa komið að góðum notum, en litur hins vegar svo á, að kostnað af þessu sje auðvelt að hafa upp, ef vel færir menn halda henni uppi, menn, sem alþýðan telur sig hafa verulegt gagn af að hlusta á.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til Íþróttasambands Íslands verði lækkaður um þriðjung, og liggja þar til þau rök, að spara verður, eins og margtekið hefir verið fram.

Styrkinn til Þórarins Guðmundssonar fiðluleikara sjer nefndin eigi fært að láta haldast samkvæmt þeirri stefnu, sem hún hefir tekið, enda óvarlegt að festa í fjárlögum slíka styrki.

Blaðamannafjelag Íslands sækir um styrk til rekstrar íslenskri frjettastofu.

Eftir umsögn fjelagsins er verkefni fjelagsins þetta:

1. að afla útlendra frjetta svo mikilla, að Íslendingar fái símleidis glögt yfirlit yfir helstu erlenda viðburði; er gert ráð fyrir, að stofan hafi einn frjettaritari á Norðurlöndum og annan í Englandi.

2. að afla innlendra frjetta. Til þess ráði frjettastofan 4 fasta menn á helstu tíðindastöðum úti um land, en auk þess trúnaðarmenn í sem flestum hjerudum.
3. að ná sambandi við útlendar frjettastofur og blöð og sjá þeim fyrir frjettum frá Íslandi, bæði símleidis og brjeflega, í því skyni, að aukast megi þekking erlendis á Íslandi.
4. að annast frjettasendingar til íslenskra blaða í Reykjavík, út um land og til frjettasjelaga, sem stofnuð yrðu innanlands.

Það er gert ráð fyrir því, ef opinber styrkur fæst til frjettastofunnar, að hún flytti ókeypiss fregnir þær, sem stjórnin vill láta boða almenningi, og jafnframt hefði stjórnin íhlutun um skipun forstöðumanns.

Landssimastjórinn hefir mælt með þessari málaleitun Bláðamannasjelagsins. Telur hann, að ef frjettastofan kemst vel á stofn og verður vel stjórnað, muni hún hafa í för með sjer talsverða aukningu á blaðaskeytavíðskiftum, bæði utanlands og innan, og þannig auka tekjur landssímans.

Þó að netndin geti eigi gert sjer glögga grein fyrir því, hve mikils fjár þetta fyrirtæki afli rikissjóðnum, þá dylst það þó ekki, að líkur eru til, að svo verði svo nokkuð um muni, jafnframt því sem frjettastofan setur oss í örara og nánara frjettasamband innanlands og við umheiminn.

Vill nefndin því leggja til, að fyrirtækið verði ofurlítið styrkt.

16. gr.

Stjórnin hefir fært niður styrkinn til Búnaðarsjelags Íslands um 25000 kr., en nefndinni þykir þessi niðurfærsla helst til mikil og leggur til, að hann verði ekki lækkaður nema um 15000 frá því, sem gildandi fjárlög ákveða, því að ella mundi raskast starfsáætlanir sjelagsins og styrkurinn til búnaðarsambandanna lækka svo mikið, að þau mundu vart fá starfað áfram sum þeirra, en búnaðarframkvæmdir vill nefndin einna síst hefta allra hluta, og liggja til þess ýms rök, sem óþarft er að fara nánar út í hjer.

Til búnaðarsjelaga hefir stjórnin ætlað 20000 kr. eins og í gildandi fjárlögum, en aftur á móti hefir hún ekkert áætlað til útgjalda eftir jarðræktarlögum síðasta þings. Nefndin verður að líta svo á, að ekki sje unt að komast hjá að áætla nokkra fjárhæð í þessu skyni, því að jarðrækt má eigi sitja á hakanum, þótt þröngt sje í búi. En með því að ýmsar jarðabætur, sem áður hafa notið styrks af hinum fyrnefnda lið, geta notið styrks samkvæmt jarðræktarlögunum, þykir mega lækka styrkinn til búnaðarsjelaga um helming. Nefndinni hefir komið saman um að veita að eins styrk til jarðræktar samkv. II. kafla jarðræktarlaganna (túnrækt og garðyrkja), og eftir því, sem slikar jarðabætur hafa verið undanfarið, virðist ekki mega áætla minna í þessu skyni en 35000 kr., og er þó ekki gert ráð fyrir hámarki því, er jarðræktarlögin heimila. Þetta verður að nægja, og ætlast nefndin ekki til, að upp úr þessari fjárhæð verði farið. Vjelayrkju (þúfnabana) er sem stendur ekki hægt að styrkja, og verður því að láta þá ónotaða, nema notendur greiði það, sem vinna þeirra kostar, enda ætti nú tilraunastigi þeirra að vera lokið eftir 3 ára reynslu. Til nýbýlaræktar er ekki heldur unt að veita fje, en öll nefndin er á einu máli um það, að heimila verði stjórninni, úr

Því sem komið er, að verja til fyrirhugaðra nýbýla við Mosfell í Mosfellssveit því, sem nauðsynlega þarf, til þess að ekki verði ónýtt það verk, sem þegar er þar unnið. Þetta verk er sjerstaklega framræsla og girðing landsins, og mun nauðsynlegt, að það fari fram þegar á þessu ári.

Ríkissjóður hefir um nokkur undanfarin ár launað garðyrkjustjóra Garðyrkjufélags Íslands. Hefir stjórnin ætlað til þessa 5000 kr., en nefndin sjer ekki fært að greiða nema 4000 kr., og mundi hafa lækkað þennan lið meira eða jafnvel felt hann alveg niður, ef hún hefði talið það fært vegna verðleika og áhuga þess manns, sem í hlut á.

Laun Einars Sæmundsens virðast ekki talin með í launum skógræktarmanna, og hefir nefndin því hætt við launaupphæð þessari, 1200 kr. með 50% uppbót, og auk þess gert ráð fyrir, að hann fái 600 kr. húsaleigustyrk, þar sem aðrir skógarverðir hafa ókeypis húsnæði, og er þetta í samræmi við gerðir síðasta þings.

Á hverju ári gýs fjárkláði upp meira og minna, og hefir verið varið miklu til lækninga undanfarin ár. Þannig hefir þessi kostnaður orðið 1920 rúml. 21 þús., 1921 32¹/₂ þús. og 1922 57¹/₂ þús. kr. Nefndinni þótti því rjett, þar sem um sjálfsgöð útgjöld er að ræða, að veita sjerstaklega í þessu skyni 25 þús. kr. Því að fela það í óvissum útgjöldum hefir enga þýðingu. Auðvitað hlýtur þetta að verða áætlunarupphæð, en ekki of há eftir reynslunni.

Í mörg ár hefir staðið í fjárlögum styrkur til iðnaðarmanna til utanfarar, en nú þykir nefndinni ekki fært að láta þann lið standa, og leggur því til, að hann falli niður, og er það í samræmi við þá grundvallarreglu, sem nefndin hefir tekið sjer, að veita ekki utanfararstyrki.

Styrkinn til Fiskifélagsins vill nefndin færa upp um 5000 kr. og gera það jafnframt að skilyrði, að fjelagið sjái um útgáfu fiskimannaalmanaksins á sinn kostnað, en ekki er fjelaginu sett það skilyrði, að það sje í sama formi og verið hefir, heldur er því treyst, að það sjái um, að það sje svo úr garði gert, að það komi farmönnum að haldi. Athugasemdina við liðinn, um kenslu á Ísafirði, taldi Fiskifjlagið óþarfa, og er hún því feld niður.

Fjárveitinganefndin telur framlag það úr ríkissjóði, sem stjórnin hefir ætlað til þess að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis, alt of lágt, og leggur til, að sú fjárhæð sje tvöfölduð, og er þó síst um of, því að mikil nauðsyn er á, að gangskör sje að þessu ger. En eins og nú er ástatt, er þó varla fært að fara hærra, þótt full nauðsyn væri á.

Nefndin leggur til, að af styrk til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga gangi 2000 kr. til Halldóru Bjarnadóttur, eins og nú er í gildandi fjárlögum. Viðurkennir nefndin áhuga og dugnað þessarar konu í þessum mátum, og þar sem hún hefir óskað eftir þessu, vill nefndin verða við þeirri beiðni.

Skrásetning vörumerkja er framkvæmd af manni, sem vinnur í stjórnarráðinu og hefir þar föst laun; sá nefndin sjer ekki annað fært en lækka upphæð þá, sem er í stjórnarfrumv., þar sem nefndin hefir ástæðu til að ætla, að ekki fari í skrifstofukostnað eins mikið og búist var við, þegar upphæð þessi var hækkuð síðast.

Það er af sparnaðarástæðum að nefndin færir lítið eitt niður styrkinn til Ungmennafélags Íslands.

Jóhann Kristjánsson húsagerðareftirlitsmaður hafði sent nefndinni skýrslu um störf sín í þarfir húsagerðarinnar, og æskir þess jafnframt að fá að halda starfi þessu framvegis. Nefndin viðurkennir það, að landsmenn hafi haft margháttað gagn af störfum þessa manns og að hann hafi haft áhuga á því að umbæta húsagerð yfirleitt og sjerstaklega hafi hann sýnt staka vandvirkni í störfum sínum. Og þar sem þetta verður að teljast áriðandi framtíðarstarf, vill nefndin að honum sjeu ætluð laun áfram með þeirri nánari skilgreiningu, sem þar er tekin fram.

Í sambandi við þetta vill nefndin geta þess, að þrátt fyrir tíuætiun þingsins 1922 um, að aðstoðarmannsstarfið hjá húsameistara ríkisins fjelli niður, hefir stjórnin haldið starfi þessu við, og vill því nefndin árjetta fyrri ályktun sína, með sjerstöku tilliti til þess, að sem stendur eru ekki líkur til, að reistar verði opinberar byggingar á næstunni.

Fyrir nefndinni lá erindi frá þm. Vestmannaeyinga, um að björgunarskipinu »Pór« verði veittur 40 þús. kr. styrkur. En þótt nefndin sæi sjer ekki fært að veita svo háan styrk, þá viðurkennir hún, að ríkissjóði beri eftir megni að hlynna að því að »Pór« geti starfað, og vill því hækka styrkinn upp í 30 þús. Nefndin býst við, að stjórnin noti »Pór« eins og áður um síldveiðatimann fyrir Norðurlandi, og mundi það ljetta nokkuð undir útgerðarkostnaði Vestmannaeyinga. En til þess að »Pór« gerði fult gagn sem varnarskip eða eftirlitsskip, þyrfti hann að hafa fallbyssu, og vill nefndin að stjórnin taki til athugunar, hvort eigi sje gerlegt að útbúa hann þannig.

18. gr.

Nefndin leggur til, að ekkju dr. Jóns Þorkelssonar skjalavarðar verði veittar 500 kr. úr ríkissjóði.

Sömuleiðis vill nefndin hækka eftirlaun tveggja prófastsekkna um örlitlar upphæðir, svo þau nemi alls 300 kr. Ástæðan til þess er sú, að þessir prófastar, sjera Sigurður Jensson í Flatey og Björn Jónsson í Miklabæ, höfðu hvorugur trygt ekkjum sínum lífeyri, þar sem þeir höfðu fengið veitingu fyrir embættum sínum löngu áður en lögin um lífeyristrygginguna gengu í gildi, og hafa því eigi álitíð að þeim bæri skylda til þess.

Stefán Stefánsson, póstafrgreiðslumaður á Eskifirði, sækir um að sjer verði veitt nokkur eftirlaun, þar sem hann hefir nú látið af þessu starfi eftir 20 ára þjónustu, er 66 ára að aldri og farinn að heilsu.

Nefndin hefir talið rjett að verða við óskum hans að nokkru léyti og hefir sniðið upphæðina eftir því, sem tíðast er að póstmenn hafi.

Nefndin leggur til, að Friðrik Klemenssyni verði veittar 1000 kr. í þessari grein. Maður þessi hefir verið opinber starfsmaður í 14 ár, þar af 10 ár á pósthúsinu hjer, við hin vandasömustu störf þar. Hann misti snögglega heilsuna og er vonlaust um, að hann fái hana aftur að fullu og getur engum störfum gegnt. Hann hefir þungt hús og á þar af leiðandi erfiða framfærslu.

Styrkinn til Ingeborg Sigurjónsson vill nefndin ekki láta standa áfram, með því að eigi virðist rjett, eftir upplýsingum, sem fyrir liggja, að láta hana njóta opinbers styrks.

22. gr. (ný grein).

Nefndin leggur til, að ríkið ábyrgist lán fyrir Mjólkurfjelagið »Mjöll« í Borgarfirði. Þingið hefir í gildandi fjárlögum heimilað lán til þessa fjelags, en þar sem fjárhagnum er nú svo varið, að ómögulegt er að veita lán þetta, en fyrirtækið á hina hliðina, að dómi nefndarinnar, þess vert, að því sje veittur einhver stuðningur frá hinu opinbera, leggur nefndin þetta til.

Bessastaðahreppur í Gullbringusýslu sækir um 15000 kr. lán úr Viðlagasjóði, til þess að standast þurfamannaframfærslu sveitarinnar. Sjer nefndin af erindi þessu, að hreppurinn geti ekki án einhvers stuðnings komist yfir þessa erfðieika, og því vill hún leggja til, að ríkissjóður ábyrgist þessa upphæð, gegn endurábyrgð sýslunnar.

Alþingi, 17. mars 1924.

Magnús Guðmundsson, Þórarinn Jónsson, Ing. Bjarnarson.
formaður. skrifari og framsm.

Jón Sigurðsson. Pjetur Ottesen. Tryggvi Þórhallsson.

Þorleifur Jónsson.